



Hólaskóli – Háskólinn á Hólum

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir.....	4
3	Viðbrögð stofnunarinnar við athugasemdum	5
4	Fjárheimildir og rekstur	6
4.1	Fjárheimildir	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur	7
5.2	Umfjöllun	7
5.2.1	Eftirlitsumhverfi	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	8
6.1	Inngangur	8
6.2	Umfjöllun	8
6.2.1	Opinber innkaup	8
7	Endurskoðun rekstrarliða	9
7.1	Tekjur	9
7.2	Launakostnaður	9
7.3	Annar kostnaður	9
7.4	Niðurstöður/ábendingar	10
8	Endurskoðun efnahagsliða	11
8.1	Eignir	11
8.1.1	Viðskiptakröfur	11
8.1.2	Vörslufé.....	11
8.1.3	Handbært fé.....	12
8.2	Eigið fé og skuldir	12
8.2.1	Eigið fé	12
8.2.2	Ríkissjóður.....	12
8.2.3	Viðskiptaskuldir.....	12
8.3	Niðurstöður/ábendingar	12
9	Önnur atriði	13
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	13
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	13
9.3	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	13

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Hólaskóla - Háskólans á Hólum fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem við á.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Hólaskóla - Háskólans á Hólum var gerð vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir

Endurskoðun ársreiknings Háskólans á Hólum fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda. Ríkisendurskoðun gerir þó eftirfarandi athugasemdir.

1. Fjárheimildir

Háskólinn á Hólum var með neikvætt eigið fé að fjárhæð 42,6 m.kr. í árslok 2016. Þá var halli á rekstri skólans 14,8 m.kr. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að rekstur A-hluta stofnana ríkisins sé innan fjárheimilda.

2. Viðskiptakröfur á Ferðaþjónustuna Hólum Hjaltadal

Vafi leikur á um innheimtu kröfu á Ferðaþjónustuna Hólum Hjaltadal. Framangreind krafa á Ferðaþjónustuna Hólum Hjaltadal nam 14,4 m.kr. í árslok 2016. Veruleg óvissa er um greiðslugetu félagsins.

3. Viðskiptakröfur vegna virðisaukaskatts

Óuppperð er eldri staða á uppgjorsreikningi virðisaukaskatts. Mikilvægt er að gengið verði frá afstemmdu uppgjori við innheimtumann ríkissjóðs.

3 Viðbrögð stofnunarinnar við athugasemdum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Hólaskóla vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar:

1. Fjárheimildir

„Fjárheimildir Háskólans á Hólum hafa frá stofnun háskólans sett honum þröngar skorður í rekstri. Allt frá árinu 2009 hefur verið gætt mikillar hagræðingar og ráðdeildar í rekstri, sem endurspeglast m.a. í fækkun ársverka, sem unnin eru við háskólann, en þau voru 52,9 árið 2009 samanborið við 41,5 árið 2016. Þrátt fyrir þetta er rekstur háskólans ætíð í járnnum og vinnur háskólinn stöðugt að því að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda.“

2. Viðskiptakröfur á Ferðapjónustuna Hólum Hjaltadal

„Háskólinn á Hólum er meðvitaður um erfiða greiðslugetu Ferðapjónustunnar á Hólum (FH). Jafnframt er háskólanum kunnugt um að rekstrarformi hennar var breytt 1. janúar 2017, með það að markmiði að bæta rekstur og greiðslugetu félagsins. Háskólinn á Hólum telur að skuld ferðapjónustunnar við háskólann muni innheimtast. Það mun þó geta tekið langan tíma. Þess ber þó að geta að háskólinn hefur reynslu af að þolinmæði við innheimtu skuldar getur margbargað sig.“

3. Viðskiptakröfur vegna virðisaukaskatts

„Í upphafi árs 2017, að fenginni heimild Fjársýslunnar og í samráði við endurskoðanda stofnunarinnar, fól Háskólinn á Hólum endurskoðunarfyrtæki á Sauðárkróki að ljúka afstemmingu uppgjörssreikninga virðisaukaskatts vegna árunna 2011-2014. Unnið er að frágangi og stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir við uppgjör ársins 2017. Er það háð vinnu endurskoðanda og meðferð RSK á málinu.“

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs til Háskólans á Hólum á fjárlögum ársins 2016 nam 343,1 m.kr. Með lokafjárlögum 2015 var uppsafnaður tekjuhalli að fjárhæð 161,2 m.kr. felldur niður. Þar með var létt á greiðslustöðu skólans gagnvart ríkissjóði.

Fjárheimildir ársins 2016 námu 343,1 m.kr. Tekjuhalli ársins nam 14,8 m.kr. samanborið við 19,5 m.kr. tekjuhalla árið á undan. Tilfærslur námu 27,9 m.kr. Einkum er um að ræða styrki vegna rannsóknarverkefna sem skólinn fær og á að greiða til annarra aðila og endurgreiðsla til Háskóla Íslands vegna rannsóknar- og ritlaunastjóðs. Skólinn fékk tekjur á móti. Einnig er um að ræða styrki til nemendafélags skólans.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Ríkistekjur	-16.800	-16.800	-15.376	-1.424	-17.796
Sértekjur	-240.100	-240.100	-216.506	-23.594	-195.384
Launagjöld	396.400	396.400	366.004	30.396	333.434
Önnur rekstrargjöld	187.600	187.600	189.174	- 1.574	200.446
Eignakaup	8.500	8.500	6.647	1.853	10.519
Tilfærslur	7.500	7.500	27.934	- 20.434	30.540
Samtals	343.100	343.100	357.878	- 14.778	361.759

4.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun fyrir Hólaskóla var gerð fyrir 2016 og skráð í Orra fjárhagskerfi. Rekstraráætlunin var samþykkt og sýndi niðurstöður fjárlaga. Áætlunin var í samræmi við fjárheimildir og markmið um hallalausán rekstur. Rekstraráætlun er reglulega borin saman við rauntölur og leitað skýringa á frávikum. Fjármálastjóri kynnir rekstraryfirlit fyrir framkvæmdastjórum skólans á um það bil þriggja mánaða fresti og fer yfir frávik. Þess á milli er mánaðarlega farið yfir rekstraryfirlit.

Eigið fé Háskólans á Hólum var neikvætt um 42,6 m.kr. í árslok. Í fjárlögum 2016 var gert ráð fyrir 240 m.kr. sértekjum. Það markmið náðist ekki. Samtals voru tekjur um 25 m.kr. undir fjárheimildum. Rekstrargjöld voru 11 m.kr. undir áætlun skv. fjárheimildum. Launagjöld reyndust vera um 30 m.kr. lægri en forsendur fjárlaga en tilfærslur voru um 20 m.kr. umfram fjárheimildir. Tryggja þarf að reksturinn sé hallalaus. Í þriggja ára áætlun skólans er gert ráð fyrir því að greiða rekstrarhalla niður.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, þ.e. rektor, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

5.2 Umfjöllun

5.2.1 Eftirlitsumhverfi

Rektor stýrir starfsemi háskólans og hefur eftirlit með allri starfsemi hans. Til staðar er skrifleg stefna háskólans, starfsreglur og þar með reglur um verkaskiptingu milli hinna ýmsu fagdeilda og fjármálasviðs, starfsmannastefna, vinnuverndarstefna, umhverfisstefna, jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun og siðareglur.

Hólaskóli sér sjálfur um reikningagerð, launamál og greiðslur en Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri sér um færslur gjalda í fjárhagskerfi ríkisins og uppgjör virðisaukaskatts samkvæmt skriflegum samstarfssamningi. Ekki er til heildstætt yfirlit um innra eftirlit, mat á áhættuþáttum og vöktun innra eftirlits. Skriflegar verklagsreglur eru til um hluta starfseminnar s.s. tiltekin atriði í bókhaldi og um frágang reikninga og innkaup. Deildarstjórar og rektor í mörgum tilvikum samþykkja reikninga ásamt starfsmanni sem framkvæmir innkaupin. Tilteknir eftirlitsþættir voru prófaðir við endurskoðun ársins.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

6.2 Umfjöllun

Eftirfarandi var kannað:

6.2.1 Opinber innkaup

Í skriflegum verklagsreglum Háskólans á Hólum koma fram reglur og viðmiðanir fyrir innkaup skólans. Fulltrúar í framkvæmdaráði skólans geta einir skuldbundið hann fjárhagslega með innkaupum á vöru eða þjónustu. Þessir aðilar geta þó framselt heimild til innkaupa til undirmanna. Sá starfsmaður sem framkvæmir innkaupin á ávallt að koma árituðum reikningi til deildarstjóra eða rektors til endanlegrar samþykktar. Margir innkaupareikningar eru í rafrænu formi og samþykktir rafrænt.

Í framangreindum reglum koma ekki fram megnireglur laga um opinber innkaup s.s. um að gæta skuli hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis. Öll innkaup yfir viðmiðunarfrjárhæðum eru útboðsskyld. Einnig vantar í reglurnar ákvæði um rammamninga og örútbóð. Rétt er endurmeta verklagsreglur hvað þessi atriði varðar.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Tekjur

Tekjur Háskólans á Hólum árið 2016 námu um 231,9 m.kr. sem er 8,8% hækkun frá árinu á undan. Hækkunin skýrist af verulegri aukningu rannsóknarstyrkja s.s. frá Rannís. að nú sé farið að reikna sérstakt álag fyrir óbeinan kostnað skv. upplýsingum skólans, og auknum alþjóðlegum tekjum gegnum Sjávarútvegsskóla Sp og Matís. Á móti kemur lækkun milli ára um 20 m.kr. vegna framlags árið á undan á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna aðgerðaráætlunar í gæðamálum. Slíkt framlag var ekki greitt árið 2016. Hlutfall tekna af heildargjöldum nam 39,3% en var 37,1% árið á undan. Þá varð verulegur samdráttur í sölu hrossa miðað við árið 2015.

Við endurskoðun tekna var stuðst við greiningarvinnu og hreyfingalisti ársins og færslur voru kannaðar. Stuðst er við niðurstöður fyrri ára í sambandi við endurskoðunaraðgerðir. Verkferlar í sambandi við tekjur eru óbreyttir frá fyrra ári. Gjaldkeri sér um gera reikninga í AR reikningakerfi ríkisins, skv. beiðni frá viðkomandi deildarstjóra eða fjármálastjóra, og bókar þá í Orra fjárhagskerfi. Móttaka innborgana, innheimta og bókanir eru einnig í höndum gjaldkera. Áður hefur verið bent á að þar sem aðgreining starfa í tekjuferlinu er takmörkuð er mikilvægt að fjármálastjóri yfirfari reglulega tekjureikninga og innheimtur krafna.

7.2 Launakostnaður

Launakostnaður nam 364,9 m.kr. á árinu samanborið við 332,5 árið á undan. Hækkunin er 9,8%. Ársverkum fjölgaði á árinu úr 38,8 í 41,5 eða um 2,7 ársverk sem er aukning um 7%.

Við endurskoðun launa var farið yfir launalista. Staðfestar voru upplýsingar um nýja starfsmenn á árinu og þá sem hættu. Launaákvæðanir eru í höndum rektors en fjármálastjóri sér um skráningu launa og launaforsendna í launakerfi hjá Fjárslu ríkisins. Allir ráðningasamningar eru skriflegir.

7.3 Annar kostnaður

Önnur rekstrargjöld voru 224,9 m.kr. en voru 242,5 m.kr. árið á undan og lækkuðu um 7,3% milli ára sem skýrist einkum af kostnaði í tengslum við Landsmót hestamanna 2016 sem féll til á árinu 2015.

Helstu frávik milli ára og atriði til athugunar eru eftirfarandi:

Stærsta frávik er um 38 m.kr. lækkun sem skýrist af því að árið 2015 voru 40 m.kr. færðar undir liðinn mannvirkjagerð vegna uppbyggingar á hesthússvæði í tengslum við Landsmót hestamanna árið 2016, á Hólum. Á móti því kom hækkun á fjárheimild til skólans í fjárlögum 2015.

Kostnaður vegna kaupa á bifreiðum lækkaði vegna þess að keyptar voru tvær bifreiðar á árinu 2015. Önnur sérfræðiþjónusta lækkaði vegna stundakennara sem höfðu verið verktakar en fóru á launaskrá á árinu 2016.

Líðurinn „önnur þjónusta“ hækkaði um 3 m.kr. sem skýrist einkum af greiðslu til Ferðaþjónustunnar Hólum Hjaltadal samkvæmt samningi um mótuneyti. Hækkun kostnaðar á vörum og áhöldum til rannsókna skýrist af fjölgun rannsóknarstyrkja. Tilfærslur jukust milli ára eins og tilgreint var í kafla 4. Húsaleiga hækkaði vegna fjölgunar skólahesta sem nýta hesthús. Tekjur koma á móti.

Gjöld í lánardrottnakerfinu og millifærslur í aðalbókhaldi eru færð á skrifstofu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri (sjá kafla 5) en reikningar eru samþykktir hjá Háskólanum á Hólum. Gjaldkeri Háskólans á Hólum sér eftir sem áður um greiðslu reikninga. Fyrirkomulagið er óbreytt frá árinu á undan.

7.4 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða var án athugasemda.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir Háskólans á Hólum 97,5 m.kr., viðskiptaskuldir námu 16,6 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 42,6 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Áhættufjármunir	100	100	0
Viðskiptakröfur	64.820	64.066	755
Vörslufé	3.843	773	3.070
Handbært fé	32.620	23.577	9.043
Eignir alls	101.383	88.515	12.867
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-42.564	-188.987	146.422
Ríkissjóður	123.642	265.177	-141.535
Viðskiptaskuldir	16.462	11.553	4.910
Vörslufé	3.843	773	3.070
Eigið fé og skuldir alls	101.383	88.515	12.867

8.1 Eignir

8.1.1 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 64,8 m.kr. í árslok 2016 að teknu tilliti til óbeinna afskrifta. Við endurskoðun var farið yfir stöðu helstu kröfuliða í árslok. Staða óbeinna afskrifta í árslok að fjárhæð 3,8 m.kr. endurspeglar gamlar stöður á viðskiptareikningum sem óvíst er að náist að innheimta. Í byrjun maí 2017 var búið að innheimta um 49% af útstandandi kröfum sem mynduðust á árinu 2016.

Krafa á Ferðaþjónustuna Hólum Hjaltadal nam 14,4 m.kr. í árslok 2016 þegar óbeinar afskriftir hafa verið dregnar frá. Veruleg óvissa með að skólinn geti innheimt þá kröfu þar sem vafi leikur á um greiðslugetu Ferðaþjónustunnar.

Meðal eigna er óuppgerð eldri staða á uppgjörreikningi virðisaukaskatts. Í bókhaldi eru nettó innskattkröfur á innheimtumann ríkissjóðs frá árunum 2010 til 2013 sem gætu lauslega áætlað numið um 8 m.kr. Skólinn hefur fengið endurskoðunarskrifstofu til að fara yfir þetta mál og aðstoða við gerð leiðréttingarskýrslu til skattayfirvalda fyrir framangreind ár.

8.1.2 Vörslufé

Stöður bankareikninga sem eru vegna erlendra verkefna hjá skólanum voru staðfestar við endurskoðun.

8.1.3 Handbært fé

Handbært fé reyndist vera afstemmt með viðunandi hætti í árslok.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Eigið fé

Sjá umfjöllun um eigið fé í kafla 4, bls. 5 hér að framan.

8.2.2 Ríkissjóður

Skuldastaða við ríkissjóð lækkaði verulega frá árinu á undan eða úr 265 m.kr. í 124 m.kr. sem skýrist einkum af breytingum á höfuðstól vegna lokafjárlaga 2015 eins og áður hefur komið fram.

8.2.3 Viðskiptaskuldir

Staðan var staðfest með úrtakskönnun.

8.3 Niðurstöður/ábendingar

1. Krafa á Ferðaþjónustuna Hólum Hjaltadal nam 14,4 m.kr. í árslok 2016. Veruleg óvissa með að skólinn geti innheimt þá kröfu.
2. Hjá Hólaskóla er óuppgerð eldri staða á uppgjörreikningi virðisaukaskatts. Mikilvægt er að gengið verði frá afstemmdu uppgjöri við innheimtumann ríkissjóðs.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings Hólaskóla - Háskólans á Hólum. Ekki komu fram neinar upplýsingar sem breyta ársreikningi stofnunarinnar.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsing þeirra sem sáu um endurskoðun hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum var undirrituð við upphaf endurskoðunar.

9.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar var undirrituð af ríkisendurskoðanda og rektor Hólaskóla -Háskólans á Hólum.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil skólans.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is